

G J A L D S K R Á

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. Hljóðvarp: (Miðað er við krónur fyrir hvert orð).

Flokkur 1

Dánartilkynningar og jarðarfari, messur. Tapað—fundið.		
Góðgerðarstarfsemi	kr.	520

Flokkur 2

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 9.30 og kl. 16.00	—	790
---	---	-----

Flokkur 3

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir	—	920
---	---	-----

Flokkur 4

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir	—	1 840
--	---	-------

II. Sjónvarp: (Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	kr.	63.500
10 —	—	98 500
15 —	—	123 200
20 —	—	153 500
25 —	—	172 600
30 —	—	192 500
35 —	—	227 500
40 —	—	245 000
45 —	—	262 500
50 —	—	291 700
55 —	—	320 800
60 —	—	350 000

Gjaldskrá þessi gildir að því er hljóðvarp varðar frá 1. september 1980 en að því er varðar sjónvarp frá 1. október 1980 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1980.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

R E G L U G E R Ð

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 3 000 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samalgsmaður skal greiða fyrstu 3 000 kr. hvern rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 3 000 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. a. s. kr. 1 500 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. september 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 184/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 700 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 1 400 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. september 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 186/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.